

**Ed.**

**329. Lög**

um viðauka við lög nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins.

(Afgreidd frá Ed. 10. júní).

1. gr.

Við 1. gr. laga nr. 6, 8. febrúar 1917, bætist:

Enn fremur veitist ráðuneyti Íslands heimild til þess að taka eignarnámi til útflutnings íslenskar afurðir hjá kaupmönnum, fjelögum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi, að frádregnu lögboðnu útflutningsgjaldi. Endurgjald skal ákveða eftir mati þriggja óvilhallra manna; skal einn þeirra kvaddur af landsyfrrjettinum, annar af bæjarfógetanum í Reykjavík og þriðji af stjórnarráðinu. Þeir kjósa sjer oddvita. Matsgerðir þeirra eru fullnaðarmatsgerðir. Eignarnemi þarf ekki að taka hið numda strax í sínar vörslur að matsgerð lokinni, en greiða skal hann eiganda eða umráðamanni hins numda hæfilegan geymslukostnað eftir mati matsmanna. Að öðru leyti fer um framkvæmd eignarnámsins eins og greinir í lögum nr. 61, 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.